

# TRÉÐ

## Richard Berengarten

*Lífsins tré vex og stækkar hægt og stöðugt gegnum ómældan tímann.*

*Basilídes frá Alexandríu*

Tré gróðursett  
í miðju mér  
sívaxandi  
söngvatré  
fjölkvistað  
logatré  
rótfast í dauða  
blóði roðið  
anda blásið  
beinum girt  
líkamstré  
úr frumefnum  
tré í fræi  
hálsfyllt  
þúsundtyngt  
þykkskrápað  
brakandi tré  
þreyir þrumur  
vindblásið  
snævi hlekkjað  
lifði af  
beinagrind  
hægbrumandi  
undir stormskýjum  
gegnum örvæntingu  
ýtandi vonum  
hárra himna  
klósigum stráðar  
vetrarbrautir  
og fuglar koma  
vaknandi  
svefnþunga tré  
umkringt minningum  
finn viður

vorskógur  
og sumarskógur  
tré drauma  
og heimsókna  
laufgað hári  
fallinna hetja  
slöngum ofið  
risum gætt  
þrætt röddum  
og barnahlátri  
forfeðratré  
drekur jörð  
gleypir himin  
innyfli lífs  
grafartré  
ljósæta  
vískustólpur  
af reykskýi  
öræfaviti  
hvirfilvindur  
eldbrunnur  
gullin keðja  
sem vísir leið  
gegnum nótt  
með agatstein  
og hematít  
við sólarlag  
safnar smarögðum  
karneól  
og demantadögg  
og í skál sólarupprásar  
stirndri með  
perlum og ópölum  
uppleyst  
útglennt  
mót morgni  
ilmandi net  
um himinhvirfil  
blákrónað  
jarðartré  
vatns eldur  
lofts lofta  
ljósaskip  
skuggaskúta  
siglandi fram  
vindþurrkað  
fram yfir áramót  
og aftur tilbaka

leggur við leir  
landfestar í mold  
himnaföllin gjálfra  
á kinnunginn  
sólarvagga  
tunglkarfa  
undir skýjateppi  
stjörnukútur  
ruggar lofstein  
hristir plánetur  
plægir vetrarbrautir  
með löngum árum  
hamrar veröld  
rakar himna  
rýfur eið  
grjótklofningstré  
beinbrjótur  
úlnliður úr grein  
máttarturn  
snúningsás veltiás  
ásar- og þekjutré  
leitandi viti  
sísnúandi  
krafssar gegnum skorpu  
steinkletta og hamra  
fingur vísar  
neisti kviknar  
logi sem kastar sér  
fjaðurpenni  
í grjótgreip  
að myndskreyta  
blaðsíðu dagsins  
í grængyltu  
laufhandriti  
meitlar skildi  
á grafhýsi næturinnar  
með stafkróka litaða  
af þungeindum  
kynda tal  
um uppruna  
til að lofsyngja bræddan  
kjarna myrkurs  
úr klaka  
mosa og kolum  
steingerður burkni  
og risaeðla  
tímatré  
snýst brennur

spennir sundur  
varir sögunnar  
borar í kjálka  
til að spýta steinum  
nálarkvistir  
og stinnir sprotar  
jarðfastir í saumum  
og blóðbrautum  
málmgrýtisblóm  
á brotthættum stilkum  
segulmagnað raf  
ennisdjásn  
rafmagnstré  
eldingavari  
orkutrekt  
gegnum heiðhvolf  
skorsteinn byggður  
ofan á dauðans pott  
halda árum gangandi  
með rólegum andadrætti  
sköpunartré  
eyðileggingartré  
musteri plantað  
inn í kúpu á hvolfi  
trefjar skríða  
eins og ormar  
gegnum augntóftir  
og kjálkabein  
heimstré  
geymir bókröllur  
hulið í helli  
af himnafjalli  
gleðitjald reist  
í miðjum óbyggðum  
hvolfbak hvíslar  
turnspíra skelfur  
kreppt ufsagrýla  
hólastoð  
frægðarkeila  
brýst gegnum þoku  
grindverksturn  
englahreiður  
hvelfdur blævængur  
bergmálstré  
laus stigi  
fyrir sálarfingur  
háls með ventli  
kok með vængi

syngjandi klingjandi  
rifbeinstré  
að radda  
skógarsöngva  
og sléttusöngva  
í sífoníu  
undir óþrjótandi  
puði úthafsins  
tónsproti  
spákvistur  
dýfir beygir  
græðlingur  
beygður af löngun  
vöndull vonar  
kaðall strekktur  
frá mold til Guðs  
sproti stilltur  
eimingarflaska  
Hermesarstafur  
æð sem kvíslast  
hitamælir  
fyrir hita aldar  
kvikasilfursafi  
rís hnígur  
holt tré  
með burst af loftaugum  
viðarbrunnur  
námugöng  
bjöllusnúra  
lungu Hadesar  
beisli á byl  
sem blæs um þá bölvuðu  
og tvisvar dauðu  
og aldrei fæddu  
með hörpuhljóm  
í rjödri og lundi  
og harmljóð aldingarðs  
til Vesturdísanna  
móðurlífstré  
blautt á vörum  
safnar regni  
neðanjarðartré  
harðtjarað  
vínþró  
langanatré  
forboðinna ávaxta  
fjallalind  
orgíulyktandi

fallvatn  
grátstafatré  
á flæðir  
kvik í brjósti  
hrauntré  
sáðar eyjur  
ós á iði  
kóraltré  
sískínandi  
sumargrænt  
geðhvarfatré  
ástriðutré  
alsett þyrnum  
svitnar blóði  
sársaukatré  
sígrænt  
vofudembur  
stráir börnum  
hversdagstré  
brothætt gamalt  
kæft heft  
skyggt tré  
pödduétíð  
fúaskemmt  
eldingarklofið  
hjúpur hungurs  
nauðgað örkuðlað  
alþýðutré  
broddsúla  
dautt tré  
upprætt fellt  
söguð borð  
arintré  
til að ylja og kynda  
borðtré  
fyrir vín og brauð  
þverraftað  
þýrsós helgigripur  
bundinn og hlekkjaður  
jarðtengdur og öruggur  
slettaður blóði  
konungleg kista  
neglir helvíti  
fast við himnaríki  
gálgatré  
rís aftur  
kjúkað hnýtt  
stafur blinds manns

sverðsblað  
þung hjöltu  
þykkbolað  
flabeinstönn  
íbenholtsspjót  
teinrétt sigursælt  
tré á sléttu  
í almenningsgarði  
hirt og snyrt  
af þolinmóðum höndum  
rólegt tréð  
af já af nei  
af hinu af þessu  
af svörtu af hvítu  
samruni  
fortíða og framtíða  
með rætur í eilífð  
lofsyngja núíð  
holdstré  
klætt vöðvum  
blóði og svita  
dæsir skelfur  
titrandi tré  
göfuglynt  
sæðistré  
fjörsins dæla  
barmafullt  
í kringum rætur  
vefur sig ormur  
kringum kvisti  
svífur hvíti fuglinn  
andatré  
leynardómatré  
jarðað í himnum  
til að blómstra í æðum  
slagæðum taugum  
háræðatré  
vaxtarvefur  
sogrót drukknuð  
í endalausum himnum  
ég síg upp  
og stíg niður  
aldateinn  
af Adam frummanni  
Ísái Davíð  
og Satanael  
og Móses  
hátt upp á fjalli

Búddatré  
Tílopatré  
zentré  
tantratré  
tré hennar Kalí  
sem dansar á hauskúpum  
eldgosatré  
af Astarot  
Lilit  
Istar og Astarte  
rækta upp  
mosa og skófir  
myglusafnari  
sveppatré  
móðir brönugrasa  
og mistilteina  
dísatré  
drúidatré  
þar sem kónguló vefur  
og bláhrafn hreiðrar sig  
og leðurblakan flögrar  
og turnfálki bíður  
lífatré  
meðvitundarinnar  
sískapandi  
málatré  
nefnir nöfn  
segir sögur  
sagnir  
ummyndanir  
dýptarlaust tré  
dauðalaust tré  
félagatré  
lofts sem ég anda  
óhirt  
ótamið  
ódauðlegt tré  
rís yfir  
frelsistré  
ástartré  
réttlætistré  
manneskjuregnbogi  
blómgast

translated into Icelandic by Olga Markelova

(Special thanks to Kári Tulinius for editing).



Þýðing á íslensku: Olga Markelova  
(Ég þakka Kára Tuliniusi yfirlestur).